



Frá skrifstofu forseta Íslands

ORÐUVEITING

Á nýliðnu ári var öld liðin frá því að stofnað var til hinnar íslensku fálkaorðu, í Íslandsheimsókn Kristjáns X., konungs Íslands og Danmerkur, og Alexandrine drottningar. Hinn 3. júlí 1921 var gefið út konungsbréf um stofnun orðunnar og var hún þá veitt í fyrsta sinn. Nú er í gildi forsetabréf um hina íslensku fálkaorðu frá 31. desember 2005. Þar segir að innlenda menn eða erlenda megi sæma orðunni fyrir vel unnin störf í þágu íslensku þjóðarinnar eða á alþjóðavettvangi.

Fram til þessa hafa konur borið riddarakross eða stórriddarakross í slaufu, en karlar í borða. Sú breyting hefur nú verið gerð að orðuband við riddarakross og stórriddarakross orðunnar er hið sama, óháð kyni.



*Orðubönd fyrir riddarakross og stórriddarakross
hinnar íslensku fálkaorðu, óháð kyni.*

Tillaga forseta Íslands þess efnis var samþykkt á fundi orðunefndar hinn 5. desember 2021. Nánari upplýsingar um sögu fálkaorðunnar má finna á vefsíðu forsetaembættisins.

Við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, 1. janúar 2022, sæmdi forseti Íslands tólf Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. Þau eru:

1. *Áslaug Geirsdóttir prófessor, Reykjavík, fyrir störf á sviði jarðvísinda og loftslagsrannsóknna.*
2. *Bjarni Felixson, fyrrverandi íþrótafréttamaður, Reykjavík, fyrir störf á sviði íþróttamála, félagsmála og miðlunar.*
3. *Gerður Kristný Guðjónsdóttir rithöfundur, Reykjavík, fyrir framlag til íslenskra bókmennta.*
4. *Haraldur Ingi Þorleifsson frumkvöðull, Reykjavík, fyrir störf á sviði nýsköpunar og samfélagsmála.*
5. *Jóhanna Guðrún Kristjánsdóttir menntunarfræðingur, Flateyri, fyrir framlag til menntamála og menningarmála í héraði.*
6. *Katrín Fjeldsted heimilislæknir, Reykjavík, fyrir framlag til heilbrigðis- og félagsmála auk starfa í opinbera þágu.*
7. *Kristín Þorkelsdóttir hönnuður, Kópavogi, fyrir brautryðjendastörf á sviði hönnunar og framlag til myndlistar.*
8. *Ólafía Jakobsdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri, Kirkjubæjarklaustri, fyrir störf á sviði landverndar og menningarmála í héraði.*
9. *Sigurður Flosason, hljóðfæraleikari og tónskáld, Reykjavík, fyrir framlag til djasstónlistar og störf á vettvangi tónlistarmenntunar.*
10. *Sigurjón Arason, yfirverkfræðingur og prófessor emeritus, Kópavogi, fyrir rannsóknir og þróun á vinnslu sjávarafurða.*
11. *Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra, Reykjavík, fyrir störf í opinbera þágu.*
12. *Trausti Valsson, prófessor emeritus, Reykjavík, fyrir framlag til skipulagsfræða og samfélagsumræðu.*

1. janúar 2022

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (s. 664 8249) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (s. 895 8885).